

Ed.

129. Nefndarálit

[61. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Frv. þetta felur í sér afnám þeirra takmarkana, sem gildandi lög ákveða um álagningu á tóbaksvörur, en skv. þeim er álagningarhámark 350% á vöruna, eftir að greidd hafa verið af henni öll aðflutningsgjöld. Án vafa hafa þessi álagningartakmörk verið sett og þeim haldið frá fyrstu tíð í þeim skilningi, að um væri að ræða skattlagningu, sem eðlilegt væri að löggjafarvaldið hefði stjórn á í anda þess stjórnarskrárákvæðis, að engan skatt megi á leggja, breyta né af taka nema skv. lögum frá Alþingi.

Ekki verður séð, að nein rök hnigi til þess, að nauðsyn krefji, að Alþingi afsali sér nú rétti sínum til þess að ráða skattheimtu, hvorki í þessu efni né öðrum. Sé eða reynist nauðsynlegt að afla ríkissjóði aukinna tekna með hækkaðri álagningu á tóbaksvörur, er sú leið opin að hækka álagningarheimild Tóbakseinkasölnunnar með breytingu á lögum. Sú breyting, sem hér er ráðgerð, stefnir að því að draga úr eðlilegu og hefðbundnu valdi Alþingis yfir skattheimtu af almenningi og fá það í hendur ríkisstjórnarinnar. Leggjum við því til, að frv. verði fellt.

Alþingi. 23. febr. 1960.

Björn Jónsson,
frsm.

Karl Kristjánsson.